

Æskulýðsstarf Neista 2006 – 2007

Æskulýðsstarf Neista hefur verið blómlegt síðasta árið. Aðalstarfið fer fram í Reiðhöllinni á Blönduósi, en miklu skiptir að hafa þak yfir höfuðið þegar íslenski veturinn er annars vegar. Það gekk reyndar illa að fá leigð pláss fyrir hesta þennan veturinn og gátu því miður ekki allir verið með á námskeiðum sem vildu, en þeir krakkar tóku þátt í starfinu eins og þau gátu. Nú eru einhverjir einstaklingar að hugsa um að byggja hesthús, en svona lítið félag eins og við erum, höfum ekki tök á að byggja fyrir krakkana.

Síðastliðinn vetur voru um 40 krakkar virkir og mættu á námskeið einu sinni í viku. Þau voru á öllum aldri, frá 4 ára upp í 16 ára, og var þeim skipt í hópa eftir getu og aldri. Kennararnir þetta árið voru tveir, Sigurbjörg Sigurbjörnsdóttir og Barbara Dittmar. Yngri krakkarnir voru aðallega í verklegum tímum, að mestu með sína hesta. Eldri krakkarnir byrjuðu á Knapamerkjanámskeiðum og voru tveir hópar þar. Þau voru bæði í verklegu og bóklegu og kláraði annar hópurinn 1. stig en hinn klárar síðar. Knapamerkin hafa ekki verið kennd hjá okkur áður en þetta námskeið gekk vel og voru krakkarnir ánægðir. Önnur námskeið voru ekki þetta árið nema að það voru teknir nokkrir aukatímar til að æfa fyrir sýningarnar sem tekið var þátt í.

Krakkar á vegum félagsins tóku þátt í tveimur sýningum þetta árið. Hin fyrri var Stórsýning húnvetnskra hestamanna á Blönduósi. Þar komu krakkarnir fram með 3 atriði sem heppnuðust mjög vel. Yngstu krakkarnir voru með Latabæjarþema, kúrekar og indíánar þeystu um og síðan var munsturreið í myrkri þar sem flúorljós voru notuð. Síðasttalda atriðið kom mjög vel út og var talið eitt besta atriði sýningarinnar. Nú þegar búið var að safna í reynslubrunninn var farið með tvö atriði á sýninguna Æskan og hesturinn á Sauðárkróki, en sú sýning er haldin í samstarfi við hestamannafélög á Norðurlandi, þó félögin í Skagafirði hafi borið hitann og þungann af þeirri sýningu. Ekki áttu allir heimangengt en farið var með 26 hesta yfir í Skagafjörð á kerrum og litlum flutingabíl. Gott veður var og skemmtu knaparnir sér vel við undirbúning og sýningahald með öðrum Norðlendingum.

Hvað mótahald varðar er Meistarkeppni Húnvetninga haldin yfir vetrarmánuðina. Þar eru 3 mót og er keppt í tölti og fjórgangi í flokki 17 ára og yngri. Þátttakan var góð og voru nokkrir félagsmenn sem æfðu fyrir mótin og

stóðu sig ágætlega. Þátttakan var það góð að hugsanlega verður bætt við barnaflokki næsta vetur. Þessi mót eru yfirleitt kvöldmót, ágæt mæting áhorfenda og góð stemning.

Vetrarleikar á Svínavatni voru haldnir í mars. Þar var keppt í opnum flokki unglunga í tölti og náðu nokkrir ungir og efnilegir knapar sér í reynslu þar en spennandi er að ríða á ís. Mótið var fjölmennt og margir góðir gæðingar sem glöddu augað.

Æskulýðsnefndin stendur fyrir einu móti á vorin, áður en vetrarstarfinu lýkur. Þar er keppt í fjörgangi, þrígangi, pollaflokki og tölti. Allir eru með og allir fá verðlaun. Eftir mótið eru veitingar og farið í leiki og sprellað en vormótið okkar er lokapunktur vetrarstarfsins.

Sumarmótin voru tvö hjá okkur á nýjum velli félagsins. Við tókum léttar æfingar fyrir mótin og fengum vanan keppnismann og reiðkennara, Ólaf Magnússon, til að segja krökkunum til. Fyrra mótið var sameiginlegt gæðingamót með Þyt og Blæ sem varð barna- og unglíngamót með ágætri þátttöku í hinum hefðbundnu barnaflokki og unglíngaflokki. Hitt var félagsmótið okkar þar sem var gæðingakeppni. Góð þátttaka var og kepptu krakkar frá 6 ára aldri á báðum þessum mótum.

Í fyrra var farið á Unglíngalandsmót og var ætlunin að fara þangað aftur, en þar sem það var svo langt í burtu (um 700 km) var hætt við það að þessu sinni.

Hefð er orðin fyrir því að börn og unglíngar taki þátt í setningu hátíðarinnar Húnavöku sem haldin er á Blönduósi í júlí. Þá fer hópur hestamanna, hluti þeirra með fána, og stendur heiðursvörð þegar hátíðin er sett. Að þessu sinni var góður hópur barna með, fjögur riðu með fána, en aðrir fylgdu á eftir. Krökkunum finnst afar spennandi og gaman að fá að taka þátt í svona viðburðum og finna mikið til sín. Þetta fer í minningasjóð þeirra og geymist þar vel.

Þetta er það helsta sem var gert síðastliðið ár. Mesta fjörið er yfir veturinn, því við búum í bændasamfélagi að stórum hluta og bændur eru svo uppteknir á vorin og sumrin.

Kveðja frá æskulýðsnefnd Neista,

Jakobína Halldórsdóttir

Jóhanna Stella Jóhannsdóttir

Sonja Suska